



SKÓGARVEGUR 16

Glæsilegar nýjar íbúðir á
eftirsóttum stað í Fossvogsdal

Um verkefnið:

- Teikningar
- Efnislýsing
- Verðlisti
- Umsóknarferli



SKOGARVEGUR.BUSETI.IS

UMSÓKNAR- OG KAUPFERLI

SKREF 1

Innskráning á
„Minn Búseti“

Til að sækja um íbúð, eina eða fleiri, skráir þú þig inn á „minn búseti“ með rafrænum skilríkum eða lykilorði. Athugaðu að þú verður að hafa gilt netfang skráð í „Minn Búseti“ og vera skuldlaus félagi til að sækja um. Ef þú ert ekki félagsmaður þá getur þú skráð þig með því að smella á „gerast félagi“ og skráð þig á örfáum mínútum.

SKREF 2

Umsókn fyllt út

Þegar þú ert komin(n) inn á „minn Búseti“ getur þú skoðað þær íbúðir sem lausar eru og sótt um þær sem þér líst á, hægt er að sækja um margar íbúðir. Þær íbúðir sem þú velur safnast í „körfu“. Mikilvægt er að þú raðir völdum íbúðum í forgangs röð í „körfunni“. Við úrvinnslu umsókna er notast við þessa röðun og ef þú færð íbúð er eytt út úr umsóknarferlinu þeim íbúðum sem eru neðar í röðinni hjá þér.
ATH. umsóknarfrestur rennur út kl. 12:00 þann 21. maí.

SKREF 3

Úthlutun

Úthlutunarlisti (listi yfir röð umsækjenda) verður birtur á vef Búseta www.buseti.is kl. 12:00 á úthlutunardegi, 22. maí. Ef þú ert annar tveggja efstu á listanum þarftu að mæta á úthlutunarfund, á skrifstofu félagsins kl. 16:00, til að staðfesta úthlutun þína. Ef þú mætir ekki missir þú af úthlutun íbúðar og næsti í röðinni fær hana. Hægt er að senda umboðsmann til að vera viðstaddur úthlutun. Ef þú hefur í hyggju að taka lán hjá Landsbankanum þarft þú að tilkynna það daginn eftir úthlutun á netfangið buseti@buseti.is.

SKREF 4

Bráðabirgðasamningur
og greiðsla búseturéttar

Ganga þarf frá bráðabirgðasamningi vegna kaupa á búseturétti innan 10 virkra daga frá úthlutun. Um leið greiðir þú kr. 375.000.- inn á búseturéttinn og kostnað vegna kaupanna kr. 125.000.- Greiðsluáætlun á búseturéttinum er sett inn í samninginn. Hægt er að greiða búseturéttinn að fullu strax. Einnig má dreifa 80% af verðinu jafnt á byggingartímann með mánaðarlegum greiðslum og greiða svo 20% a.m.k. 14 dögum fyrir afhendingu. Hægt er að sækja um lán hjá Landsbankanum fyrir allt að 50% af virði búseturéttarins. Búseturéttur þarf að vera greiddur að fullu 14 dögum áður en flutt er inn í íbúð. Ekki er tekið við peningum en posavél er á skrifstofunni. Þú bókar tíma í síma 556 1000 til að ganga frá samningi. Ef hjón eða sambúðarfolk ætla að vera skráð saman á samninginn þurfa báðir aðilar að vera félagsmenn, hægt er að ganga frá félagsaðild í gegnum heimasíðuna eða á skrifstofu félagsins, árgjaldið er kr. 5.500.-

SKREF 5

Afhending íbúðar

Búsetugjaldið er alltaf greitt fyrirfram og þarf að vera greitt þremur dögum fyrir afhendingu lykla, það verður innheimt með kröfu í heimabanka. Lyklar eru afhentir í nýju íbúðinni. Skrifstofan sér um að láta þinglýsa búsetusamningunum. Athugið að búsetugjöldin taka mið af áætlun sem mun leiðréttað þegar raungjöld falla til og komið er endanlegt fasteigna- og bruna-bótamat á eignirnar.



Um verkefnið

Íbúðirnar við Skógarveg eru staðsettar í miðri útvistarparadís á gróðursælum stað neðarlega í Fossvogsdalnum og því örstutt í fallegar gönguleiðir og tækifæri til útivistar. Hér býðst einstakt tækifæri til að búa í nýju og vönduðu húsnæði á þessu eftirsóttu svæði

Húsið

Við Skógarveg í Fossvogsdal byggir Búseti á fallegum stað tuttugu íbúðir. Um er að ræða vandað hús sem hefur að geyma stílhreinar íbúðir, 11 tveggja herbergja og 9 þriggja herbergja. Húsið er á þremur hæðum með stigagangi og lyftu. Bílastæði er í bílageymslu og fylgir stæði hverri íbúð. Möguleiki er á uppsetningu á rafbílahleðslu í samstarfi við Búseta.

Útveggir eru að mestu steinsteyptir með dökkgrárri og ryðrauðri báruklæðningu. Ytra efnisval hússins er af gæðum sem og lóðarfrágangur. Við hönnun var horft til þess að byggja hús sem fellur vel að umhverfinu. Húsið stendur á mjög skjólgóðum og fallegum reit þar sem er mikil gróðursæld.

Umhverfið

Fossvogsdalurinn er grænt og fallegt svæði og vænt til útivistar. Í þessu gróðursæla íbúðahverfi er að finna göngustíga sem liggja víða og hjólreiðafólki er gert hátt undir höfði. Fossvogsskóli, sem er með grænar áherslur, er ekki langt undan og leikskólinn Furuskógur ekki heldur þar sem er rekin umhverfisstefna. Mikið þjónustuframboð er á svæðinu og er Kringlan skammt frá.

Íbúðirnar

Íbúðirnar eru ýmist 2ja eða 3ja herbergja með sérinngangi af lokuðum svalagangi. Íbúðunum fylgja rúmgóðar verandir eða svalir ýmist til austurs eða suðurs sem nýtast vel á þessum skjólsæla stað.

Ljóst eikar harðparket frá Quik-Step er á gólfum nema í anddyri, baðherbergi og geymslu, þar eru dökkar flísar. Innihurðir eru hvítar og vandaðar innréttingar í ljósum lit. Í eldhúsum eru spanhelluborð, blástursofn frá AEG ásamt gufugleypir. Í baðherbergi er ljós innrétting með handlaug, borði, skápum og rými fyrir þvottavél. Sturta er með afmörkuðu sturtugleri. Veggengt salerni og handklæðaofn. Veggir eru með ljósum flísum.

Fataskápar fylgja í aðalsvefnherbergi allra íbúða. Sérgeymsla er í íbúðunum, auk þessi er lítill geymsluskápur ca. 1-2 fm sem fylgir hverri íbúð í sameign. Í húsinu er hefðbundið ofnakerfi.

Íbúar eru þátttakendur í búsetufélagi (húsfélagi) og greiða húsfélagsgjald sem er hluti af búsetugjaldi. Reglur um dýrahald taka mið af 33. gr. laga um fjöleignarhús.

Grunnmynd 1. hæð




Rými

2 herb

3 herb



samneign



Grunnmynd 2. hæð

Grunnmynd 3. hæð





Yfirlitsmynd kjallari

VERÐLISTI · SKÓGARVEGUR 16

Íbúð nr.	Búsetu-réttur	Mánaðarlegt búsetugjald	Mögulegt lán	Her-bergi	Birtir m ²	Verönd/svalir m ²
101	7.500.000	167.896	3.750.000	2	66,7	8,1
102	9.150.000	192.436	4.575.000	3	84,3	14,4
103	9.950.000	209.872	4.975.000	3	94,3	40
104	8.050.000	174.746	4.025.000	2	66,4	28,9
105	7.950.000	171.961	3.975.000	2	64,4	21,9
106	9.450.000	196.581	4.725.000	3	84,3	58
201	7.700.000	171.665	3.850.000	2	66,7	6,8
202	9.100.000	195.082	4.550.000	3	84,3	7,1
203	9.100.000	195.082	4.550.000	3	84,3	6,8
204	7.800.000	171.514	3.900.000	2	66,7	6,8
205	7.800.000	170.998	3.900.000	2	66,4	7
206	7.800.000	169.865	3.900.000	2	64,4	7
207	9.250.000	197.155	4.625.000	3	84,3	6,8
301	8.000.000	174.499	4.000.000	2	66,7	6,8
302	9.400.000	199.010	4.700.000	3	84,3	7,1
303	9.300.000	199.386	4.650.000	3	84,3	6,8
304	8.100.000	175.781	4.050.000	2	66,7	6,8
305	8.100.000	175.415	4.050.000	2	66,4	7
306	8.100.000	174.286	4.050.000	2	64,4	7
307	9.600.000	202.100	4.800.000	3	84,3	6,8

Verð, teikningar og fermetratölur eru birt með fyrirvara.
Byggingarnefndarteikningar gilda.

HÖNNUÐIR

Arkitektar: Gríma Arkitektar, Sigríður Ólafsdóttir

Lagna-og burðarþolshönnun:

Verkfræðistofa Þráins og Benedikts

Hljóðhönnun: Trivium

Eldvarnarhönnun: Lota

Raflagnahönnun: Verkhönnun

Verkeftirlit: EFLA verkfræðistofa

Lóðarhönnun: Stórð

BYGGINGARVERKTAKI:

EEV verktakar

WWW.BUSETI.IS

SKOGARVEGUR.BUSETI.IS